
Íslenskrar leirlistar minnst á Kjarvalsstöðum



Eitt verkanna á sýningunni. DV-mynd Brynjar Gauti.

Þótt leirlistin hafi fylgt mannkyninu lengur en nokkur önnur listgrein, eða í u.þ.b. níu þúsund ár svo sannað sé, þá á hún sér ekki nema rúmlega sextíu ára sögu hér á landi. Í skrá yfirlitssýningar Kjarvalsstaða um íslenska leirlist, er var opnuð á laugardag, rekur Eiríkur Þorláksson sögu leirlistarinnar hérlendis. Fróðlegt er að lesa þar um brautryðjandastarf Guðmundar Einarssonar frá Miðdal og tilvitnanir í umræður á Alþingi árið 1930 þar sem Bjarni Ásgeirsson alþingismaður sýndi nokkra gripi Guðmundar í ræðustól á þingi og fékk því framgengt að hann fengi 5000 króna styrk til stofnunar leirmunaverksmiðju á þeim forsendum að þar væri verið að „skapa möguleikana fyrir fullkominni iðngrein á því sviðinu sem við áttum enga áður".

Rannsóknir á íslenskum jarðefnum

Nú á tímum nýsköpunar í atvinnulífi er umhugsunarefni að til grundvallar þeim nýsköpunarstyrk sem Guðmundur frá Miðdal fékk á sínum tíma lágu gagngerar rannsóknir á íslenskum jarðefnum til leirmunagerðar sem borið höfðu góðan árangur er styrkurinn fékkst og að þær rannsóknir fóru fyrir lítið þegar opnað var fyrir innflutning á erlendum hráefnum til leirmunagerðar á sjöunda áratugnum. Þó svo að stofnun keramikdeildar við Myndlista- og handíðaskólann árið 1969 hafi kallað á mikla leirnotkun skýtur nokkuð skökku við að sú mikla gróska er þá hófst skuli hafa stuðlað að því að íslenskri leirframleiðslu var hætt.

Alíslenskir leirmunir

Ragnar Kjartansson og Gestur og Rúna fylgdu í fótspor þeirra Guðmundar og Lydiu Pálsdóttur, konu Guðmundar, við rannsóknir á innlendum jarðefnum og framleiðslu á alíslenskum leirmunum. Athyglisverðasti hluti sýningarinnar á

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Kjarvalsstöðum er tvímælalaust sá fyrsti þar sem elstu gripi þessara frumkvöðla er að finna, þ. á m. frægar rjúpur Guðmundar frá Miðdal en fálkinn er hér fjarri góðu gamni. Af verkum lærisveina Guðmundar þótti undirrituðum hvað mest koma til tesetts Ragnars Kjartanssonar frá miðjum fimmta áratugnum. Þau verk sem unnin voru á verkstæðum Ragnars, Funa (1947–1957) og Gliti (1957–1967) mörkuðu um margt leiðir fyrir nýsköpun næstu áratugina á eftir.

Keppni í frumlegheitum

Fyrir utan afburðahönnun ofantalinna listamanna vekur einna helst athygli á sýningunni hvílík býsn af annars flokks leirlist hafa verið framleidd hér á landi síðasta aldarfjórðunginn eða svo. Þar ægir saman öllum stílbrigðum og í ofanálag er eins og efnistilfinningu skorti í mörgum tilvikum. Verkin gætu mörg hver allt eins verið mótuð úr tré, málmi eða öðrum efnum. Aukreitis fær gesturinn á tilfinninguna að hér sé um eins konar keppni í formrænum frumlegheitum að ræða í stað þess að verið sé að fylgja línum notagildis eða hefðar. Hér kemur að viðkvæmum þætti í viðhorfi til leirmunagerðar er snýst um það hvort skuli sett á oddinn; listgildið eða notagildið. Er það mitt mat að notagildið hafi verið vanrækt síðustu áratugina. Það er helst að verk Sóleyjar Eiríksdóttur og Kristínar Ísleifsdóttur vísi veginn í átt til endurreisnar leirmunagerðar hér á landi. Kristín nam í Tokyo þar sem leirlist stendur á mörg þúsund ára gömlum merg og ef til vill er það virðing fyrir slíkum hefðum sem vantar í leirlistina hér á landi. Framtak Kjarvalsstaða að kynna hérlenda leirlistarsögu var þarft, en eins og sakir standa bera verk frumkvöðlanna hin nýrri ofurliði – það þarf að breytast.

Sjaldheyrð kammerverk

Kammersveit Reykjavíkur hélt tónleika í Íslensku óperunni sl. sunnudag. Á efnisskránni voru verk eftir Mahler, Chausson og Dohnányi.

Fyrst léku þær Sigurlaug Eðvaldsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Inga Rós Ingólfsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir Píanókvartett í a-moll eftir Gustav Mahler. Þótt uppruni verksins sé sveipaður nokkurri dulúð og það hafi greinilega átt að vera í fleiri en einum þætti, er það þó hin ágætasta kammermúsík. Hér var verkið vel leikið, þótt Sigurlaug hefði á köflum mátt spila meir út og Sólveig halda aftur af sér í styrk.

Tónlist

Áskell Másson

Tvö sönglög eftir Ernest Chausson, Fiðrildi op. 2, nr. 3, og Kólibrífugl op. 2, nr. 7, voru næst á efnisskránni. Þær Ingibjörg Guðjónsdóttir og Sólveig Anna fluttu þau mjög vel, af látleysi, en sterku listrænu innsæi.

Síðasta verkið fyrir hlé var Chanson perpétuelle, eða Söngur án enda op. 37, einnig eftir Chausson, og fluttu það þær Ingibjörg Guðjónsdóttir, Gerður Gunnarsdóttir, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Inga Rós Ingólfsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir. Þetta einkar fallega og á tíðum sérkennilega verk var geysivel flutt og var öryggi listafólksins slíkt að ekkert komst að annað en góð túlkunin.

Síðasta verk tónleikanna var Sextett í C-dúr, fyrir píanó, fiðlu, lágfiðlu, selló, klarínett og horn, eftir Ernö Dohnányi. Þetta er mikið verk að vöxtum og glitrandi fín kammertónlist. Í fyrsta þætti er stækkuð ferund (eða minnkuð fimmund) áberandi, svo og leiðitónar og í þeim þriðja er mótíf, sem minnir á upphaf 5. sinfóníu Beethovens.

Flytjendur voru þau Peter Maté, Gerður Gunnarsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Inga Rós Ingólfsdóttir, Ármann Helgason og Joseph Ognibene. Þessi fríði hópur listamanna flutti verkið á sérlega sannfærandi hátt og var hrein unun að hlýða á leikinn. Andrúmsloft fegurðar og góðrar listar ríkti á þessum tónleikum.

